

Nd.

695. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 4. gr. Á eftir 1. málsg. a-liðar bætist við svo hljóðandi málsliður: Þó má ekki hækka laun þeirra manna, sem hafa 15000 kr. og þar yfir í árslaun, að meðtöldum greiðslum fyrir öll aukastörf, er þeir hafa með höndum.
2. Við 4. gr. b-lið bætist svo hljóðandi málsliður: Þó skal verðlagsuppbót aðeins ná til þeirra starfsmanna, sem hafa lægri laun en 8000 kr. á ári, að meðtöldum greiðslum fyrir sérstök verk, yfirvinnu og öðrum launabótum frá ríkinu og stofnunum þess. Verðlagsuppbót sé aldrei hærri en svo, að árslaun að henni meðtalinni verði 8000 kr.
3. Á eftir 3. gr. bætist inn ný grein, svo hljóðandi:
Útlánsvexti í bönkum og öðrum lánsstofnunum má ekki hækka til 1. jan. 1941.